

**Nr. 18 036 S 022 Samskip Hoffell*****Kranakrökur slitnar***

**IMO.nr.** 9196943  
**Útgerð:** Samskip, Navtech.  
**Skráning:** Rotterdam, Holland, PCLT.  
**Smíðaður:** Kína, 2000  
**Stærð:** 4,454 GT 5,536 DWT  
**Mesta lengd:** 100,6 m  
**Breidd:** 18,8 m **Dýpt:** 5,8 m  
**Vél:** MAN 9L 32/40.



Samskip Hoffell © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*


**Atvikalýsing:**

Þann 18. febrúar 2018 var Samskip Hoffell við bryggju á Grundartanga. Veður: A 7 - 10 m/s.

Skipverjar unnu við lestun skipins sem fór fram með skipskrönum. Þegar verið var að hífa á fremri krana skipsins fulllestaðan gám af kísiljárn (FeSi) um borð slitnaði kranakrökurinn í sundur með þeim afleiðingum að gámurinn féll á bryggjuna úr þriðju gámahæð.

**Við rannsókn kom fram:**

- að kranar skipsins voru að gerðinni NMF PLK 40024,8 með SWL (*Save Working Load*) 40 tonn;
- að síðast var gerð álagsprófun (*load test*) á krananum í desember 2015 í Vigo á Spáni undir eftirliti flokkunarfélags skipins RINA. Að krafa er um að álagsprófun sé gerð á fimm ára fresti;
- að í gámnum voru 27.000 kg. og eigin þyngd gámsins var 2.180 kg. Þyngd á gámagriplu var 1.800 kg. og voru því samtals 30.980 kg í kranakröknum þegar hann gaf sig;



Gámurinn fellur úr kranakröknum

- að gámurinn var gefinn upp fyrir heildapunga MGW (*Max Gross Weight*) 30.480 kg;



Kranakrókurinn eftir atvikið

- að kranakrókurinn var festur í blökk með ró sem var með öryggissplitti, róin losnaði og nagaði til gengjurnar eftir því sem losnaði meira upp á henni (*sjá mynd*).

***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins var slæmt ástand á kranakrók.